

2008

**Ársskýrsla
Lögreglustjórans á
Vestfjörðum**



Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. SKIPURIT	5
3. EMBÆTTIÐ	5
3.1 Stefnumótun og áherslur árið 2008.....	6
3.1.1 Stjórn embættisins	6
3.1.2 Löggæsluverkefni og önnur verkefni.....	7
3.1.3 Verkefni sem sett voru í forgang á árinu 2007	8
3.2 Starfsmannahald og endurmenntun.....	9
3.3 Tækja og búnaðarmál.....	9
3.4 Önnur mál.....	10
4. ALMENN DEILD	10
4.1 Almannaþingin.....	10
4.2 Umferðarmál.....	11
4.3 Eftirlit í umdæminu, sýnileg löggæsla og frumkvæði.....	11
4.4 Samstarf	11
4.5 Fangageymslur	11
4.6 Önnur verkefni lögreglu	12
5. RANNSÓKNARDEILD OG RANNSÓKN BROTA	13
5.1 Auðgunarbrot	13
5.2 Fíkniefnabrot.....	13
5.3 Ofbeldisbrot.....	13
5.4 Fjármunabrot.....	13
5.5 Sérrefsilagabrot, slysa –og brunarannsóknir.....	13
5.6 Sáttamiðlun.....	13
5.7 Aðrar rannsóknir	13
6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR	14
6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála	14
6.2 Sektargerðir	14
7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2005-2008	15
7.1 Umferðarlagabrot	15
7.2 Fjöldi umferðarslysa	15
7.3 Fíkniefnabrot.....	15
7.4 Haldlögð fíkniefni	16
7.5 Önnur brot.....	17
8. SÉRSTÖK VERKEFNI – FORVARNIR OG FRÆÐSLA	19
9. REKSTUR	20

1. INNGANGUR

Önnur ársskýrsla lögreglustjórans á Vestfjörðum er birt með rafrænum hætti og verður aðgengileg með fyrri ársskýrslum embættis sýslumannsins á Ísafirði á www.logreglan.is. Ársskýrsla sýslumannsins á Ísafirði sem snýr að umboðsstörfum embættisins verður með hefðbundnu sniði en hún verður vistuð á www.syslumenn.is.

Eftir miklar breytingar á umhverfi löggæslu, sem átti sér stað á árunum 2006 og 2007 (sjá einnig ársskýrslur 2006 og 2007) má segja að árið 2008 hafi, fram eftir ári verið varið í hefðbundin löggæslustörf og mátti finna í upphafi þess að lögreglan á Vestfjörðum var við það að ljúka því aðlögunarferli sem hófst síðla árs 2006 vegna þeirra breytinga sem áttu sér stað vegna sameiningar fjögurra lögregluliða.

Þegar litið er yfir farinn veg og horft til þeirra markmiða sem dómsmálaráðherra og lögreglustjóri settu lögreglunni á Vestfjörðum vegna fyrrgreindra sameininga lögregluliðanna, verður að segja að helstu markmið hafa náðst, þó ekki öll. Með sameiningunni varð lögregluliðið stærra og þá um leið öflugra, þó hafa fjarlægðir gert það að verkum að ekki eru nægilega góð tengsl á milli starfsstöðva og enn er það svo að lögregluliðið hefur tilhneigingu til að líta á starfsemina sem þrískiptri þó liðið eigi að starfa sem ein heild.

Við sameininguna var ljóst að fjöldi yfirmanna var fleiri heldur en undirmanna og því var ráðist í breytingar á skipuriti m.t.t. til fækkunar þeirra. Ef miðað er við þær forsendur sem lögreglustjóra voru gefnar, þ.e. að lögreglumenn myndu halda þeim starfsréttindum sem þeir höfðu aflað sér, þrátt fyrir að verksemi þeirra myndi breytast og ábyrgð þeirra minnka, liggur fyrir að fækkun yfirmanna í lögreglu mun taka þó nokkurn tíma og að yfirmenn sem hafa ekki verksemi skv. stöðuheiti, hverfa ekki á braut nema vegna starfsloka.

Það er mat lögreglustjóra að sameining lögregluliða, sem var gerð að frumkvæði þáverandi ráðherra dómsmála, hr. Björns Bjarnasonar, hafi verið þörf og í raun nauðsynleg. Þáverandi ráðherra lagði af stað á árinu 2008 með tillögum að frekari sameiningum, sem ekki hafa verið framkvæmdar, vegna umróta í íslensku samfélagi, en það er mat lögreglustjóra að það þurfi að ganga enn lengra í að fækka umdæmamörkum lögreglu og þá um leið fækka yfirmannastöðum, hvort sem það er á Vestfjörðum eða á landinu öllu og því verði að fylgja eftir áætlun fyrrverandi ráðherra. Lögreglustjóri myndi vilja sjá færri lögreglustjóra, stærri starfseiningar lögreglu, þar sem að minnsta kosti 60-80 lögreglumenn störfuðu, færri rannsóknardeildir en um leið stærri og öflugari og jafnvel sérhæfðar rannsóknardeildir sem störfuðu á landsvísu.

Þegar litið er yfir árið 2008 og þess sem hefur áunnist, má þess fyrst geta að „22“ stöðugildið bættist við hjá embættinu í maí mánuði 2008 þegar fíkniefnaleitarhundurinn Dollar hóf störf. Hundurinn hefur þegar sannað notagildi sitt og mun vera einn sá öflugasti fíkniefnaleitarhundur á landinu. Hefur hann verið að störfum allt frá því í júní 2008 og eflist og dafnar með degi hverjum. Fjallað verður meira um Dollar í kafla 8.5.

Eftirlitsstörf lögreglu gengu mjög vel á árinu, bæði hefðbundið umferðareftirlit og sérstækt eftirlit, s.s. vegna ýmissa viðburða í umdæminu og eiga allir lögreglumenn við embættið þakkir skyldar fyrir vel unnin störf. Þá var álag á lögreglumenn meira en gera má ráð fyrir vegna vöntunar á mannskap sem rekja má til langtímaveikinda lögreglumanna og því að erfiðlega gekk að manna allar stöður. Í ársbyrjun 2009 var lögregluliðið fullskipað, en enn eru fjórir lögreglumann starfandi sem eru ófaglærðir.

Þegar þessi skýrsla er rituð, hefur lögreglustjórinn á Vestfjörðum skilað ársáætlun embættisins vegna ársins 2009. Vert er að geta að þar kemur fram að við gerð langtímaáætlunar embættisins í löggæslu sem gilda á fyrir árin 2008-2011 var ekki fyrir séð sú efnahagskreppa sem hófst á Íslandi í september 2008 og ekki er ljóst hvenær lýkur. Miklar breytingar hafa nú þegar orðið á störfum lögreglu og áherslur í rekstri hafa breyst eftir að sú kreppa skall á og niðurskurður í löggæslu var ákveðinn á Alþingi. Lögreglustjóri telur miklar líkur á að frekari breytinga sé að vænta og því sé ekki forsenda til að byrja á löggæsluverkefnum sem eru fjárfrek og rúmast ekki innan fjárlaga ársins 2009 og ljóst má

vera að ekki er hægt að gera ráð fyrir auknum fjárframlögum á næsta ári, hvorki uppbót vegna þess niðurskurðar sem átti sér stað í fjárlögum ársins 2009 né viðbót vegna verðhækkana á rekstrarvörum. Nánar er gerð grein fyrir aðhaldsaðgerðum lögreglunnar á Vestfjörðum í ársáætlun hennar vegna 2009.


Að lokum verður að benda á að löggæsla er grunnþjónusta sem hvert samfélag verður að hafa til að tryggja öryggi og vellíðan íbúa og að dagleg verkefni séu unnin. Án viðunandi löggæslu verður samfélagið óvirkt og uppbygging og framfarir gerast seint og illa. Því þurfa stjórnvöld að tryggja að fjárframlög til lögreglunnar endurspegli þá þörf sem er til staðar á hverjum tíma, en niðurskurður vegna ársins 2009 og jafnvel enn frekari niðurskurður, samræmist ekki þeim kröfum um aukna þjónustu sem þjóðfélagsástandið hefur skapað.



Kristín Völundardóttir,
lögreglustjóri á Vestfjörðum

2. SKIPURIT

Engar breytingar voru gerðar á skipuriti lögreglunnar á árinu 2008 en skipuritið tók gildi þann 1. janúar 2007.



Skipurit embættisins var samþykkt af dómsmálaráðherra þann 22. desember 2006. Skipuritið tók gildi þann 1. janúar 2007.

3. EMBÆTTIÐ

Það má segja að starfsemi embættisins skiptist í tvennt, löggæsluþáttinn og umboðsstörf sýslumanns í héraði. Starfsmenn eru nú 36 auk héraðslögreglumanna sem eru búsettir víðsvegar um umdæmið. Tveir starfsmenn sinna umboðsstörfum fyrir Tryggingastofnun, einn starfsmaður sinnir tollgæslu, níu starfsmenn sinna öðrum umboðsstörfum, þar af eru tveir löglærðir fulltrúar og sinnir annar þeirra eingöngu löggæslumálum. Stöðugildi lögreglumanna voru 21. Á árinu 2008 bættust við þrjú stöðugildi, einn löglærður starfsmaður sem sinnir sérverkefni fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið og tveir skrifstofumenn sem starfa í skönnunarmiðstöð sem sér um skönnun þinglýstra skjala fyrir sýslumannsembættin

Umdæmi lögreglunnar á Vestfirðum er mjög víðfemt og oft um langan veg að fara í útköll. Þá er langt á milli starfsstöðva og yfir vetrarmánuðina eru stystu vegaleiðir á milli starfsstöðvanna ófærar, þ.a. samskipti verða fyrst og fremst í gegnum Tetra, síma og tölvur. Með batnandi vegakerfi og opnun samgönguæða, mun gjörbreyting verða á samskiptum milli starfsstöðvanna og þeirri þjónustu sem lögreglan býður upp á. Með tilkomu Bolungarvíkurganga verða lokanir á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar að mestu leiti úr

sögunni og útkallstíminn styttist því samfara (verklok, júlí 2010). Ný leið um Arnkötludal styttir leiðina milli Hólmavíkur og suðurfjarðanna (Patreksfjörður, Tálknafjörður, Reykhólahreppur) og Ísafjarðar og Reykjavíkur og ljóst að samfara opnun Arnkötludalsvegur mun starfsumhverfi þeirra lögreglumanna sem starfa á Hólmvík og Patreksfirði breytast í þá veru að mikil aukning verður á verkefnum hjá lögreglumönnum á Hólmvík en að sama skapi minnkar álagið verulega á lögreglumennina á Patreksfirði (verklok voru áætluð í nóvember 2008 en það hefur dregist og eru verklok áætluð síðla sumars 2009. Stytting Djúpvegur 61 (þverun Mjóafjarðar) var lokið í nóvember 2008 og mun brúin yfir Mjóafjörð verða opnuð fyrir umferð eigi síðar en í júlílok 2009. Gera verður ráð fyrir að tilfærsla verði á stöðugildum frá Patreksfirði til Hólmavíkur eftir opnun Arnkötludalsvegur. Á árunum 2007 og 2008 var mikið rætt um olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum. Staða málsins er sú að um mitt ár 2008 var ákveðið að staðsetning stöðvarinnar yrði í Hvestudal í Arnarfirði, kæmi til þess að reisa olíuhreinsunarstöð, en ákvörðunin um að reisa stöðina hefur enn ekki verið tekin og þar með hefur umhverfismat ekki farið fram. Ljóst er að verði þessi stóriðja að veruleika, mun það kalla á fjölgun starfsmanna í lögreglunni.

3.1 Stefnunótun og áherslur árið 2008

Lögreglustjóri hefur, með undirritun árangursstjórnunarsamnings við ríkislögreglustjóra sem gildir frá árinu 2007 til ársins 2011, sett fram skýr markmið þar sem jafnframt er tilgreint hvernig þeim skuli náð og hvernig árangur skuli mældur. Í áætlunum embættisins er lögð sérstök áhersla á eftirtalin atriði:

3.1.1 Stjórn embættisins:

- 1.1. Að embættið verði rekið á sem hagkvæmastan hátt og innan þeirra fjárheimilda sem ákveðnar eru hverju sinni.
Til að ná því markmiði eru fjárheimildir kynntar starfsmönnum, bókhald embættisins er opið og forgangsverkefni ákveðin í upphafi árs með tilliti til rekstrarfjármagns og það kynnt starfsmönnum.
- 1.2. Að allar úrlausnir verði unnar af sem mestri fagmennsku.
Til að ná því markmiði er verkefnadreifing skýr og starfsfólki gert kleift að kynna sér þær nýjungar og þau vinnubrögð sem best eru til þess fallin að ná hámarksárangri.
- 1.3. Að embættið tileinki sér þau vinnubrögð og þá tækni sem best eru til þess fallin að viðhalda og auka skilvirkni við afgreiðslu mála.
Til að ná því markmiði er starfsfólki gert kleift að kynna sér þau vinnubrögð og þá tækni sem í boði er hverju sinni.
- 1.4. Að móta heildarstefnu á sviði starfsmannamála í samræmi við starfsmannastefnu ríkislögreglustjóra þar sem m.a. er kveðið á um endurmenntun og þjálfun starfsmanna og jafnréttismál.
Til að ná því markmiði er gildandi starfsmannastefna embættisins í stöðugri endurskoðun m.t.t. breyttra áherslna og krafna.
- 1.5. Að hver starfsmaður embættisins fari í starfsmannaviðtal og frammistöðumat einu sinni á ári í samræmi við verklagsreglur ríkislögreglustjóra.
Til að ná því markmiði hafa yfirmenn í lögreglu sótt námskeið í viðtalstækni, þá hefur starfsmönnum verið boðið að sitja námskeið er varða starfsmannasamtöl. Í mars til maí ár hvert er gert ráð fyrir að starfsmannasamtölum sé lokið.
- 1.6. Að tryggja að lögreglumönnum sé veittur félagastuðningur í samræmi við verklagsreglur ríkislögreglustjóra.
Til að ná því markmiði hefur lögreglumönnum þegar verið kynnt hvað felist í félagastuðningi, settar hafa verið verklagsreglur um félagastuðning sem búið er að senda öllum lögreglumönnum og reglurnar eru varðveittar á innra neti embættisins þar sem þær eru aðgengilegar.
- 1.7. Að veita þeim sem til embættisins leita góða þjónustu.
Til að ná því markmiði hafa verið sett skýr fyrirmæli í starfslýsingar lögreglumanna og þá er símsvörun tryggð við innhringdum erindum. Unnið er að því að koma á nánara samstarfi við sveitarfélög innan umdæmisins, en þau eru 10 talsins.
- 1.8. Að nýta upplýsingatækni, í samræmi við löggæsluáætlun 2007-2011, með það fyrir augum að greiða fyrir samskiptum almennings og embættisins.

Til að ná því markmiði er heimasvæði lögreglunnar í sífelldri endurvinnslu og leiðbeiningar og eyðublöð sett þangað til hægðarauka fyrir almenning og starfsmenn.

- 1.9. Að auka samstarf við aðra í þeim tilgangi að ná sem bestum árangri á sviðum er lúta að hlutverki embættisins.

Til að ná því markmiði hafa samstarfssamningar verið gerðir við önnur löggæsluembætti.

3.1.2 Löggæsluverkefni og önnur verkefni:

- 2.1. Að gæta almannaöryggis sem best og halda uppi lögum og reglu.

Til að ná því markmiði er stefnt að enn sýnilegri löggæslu en nú er með því að lögreglumenn eru meira í verkefnum utan lögreglustöðvar og hafa ýmis skrifstofuverkefni verið færð á starfsmenn sýsluskrifstofu. Þá er lögð mikil áhersla á forvarnar- og fræðslustarf, bæði til starfsmanna og almennings og er eitt stöðugildi nú einvörðungu tileinkað forvörnum og fræðslu. Unnið er að því að koma á nánara samstarfi við sveitarfélög innan umdæmisins, en þau eru 10 talsins. Þegar hefur verið óskað eftir því við Fjórðungssamband Vestfjarða í kjölfar breytinga á fækkun lögregluumdæma og þess að sveitarfélögum hefur einnig fækkað á undanförunum árum að sambandið komi að skipan samstarfsnefndar skv. 12. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, þ.a. samstarfsnefndin verði ein öflug nefnd sem talar máli allra sveitarfélaganna. Í erindi lögreglustjóra til fjórðungssambandsins er gert ráð fyrir að starfsvettvangur samstarfsnefndarinnar verði eftirfarandi:

- a) upplýsingamiðlun, óskir og þarfir ræddar og sjónarmið lögreglu og sveitarstjórna samræmd um framkvæmd mála og verkefna eftir því sem við verður komið í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig,
- b) tryggja gott samstarf lögreglu og undirstofnana sveitarfélaganna,
- c) vinna sameiginlega að fækkun afbrota og slysa, öruggara samfélagi og velferð barna og ungmenna, s.s. forvörnum í víðtækum skilningi,
- d) styrkja hverfis- og grenndarlöggæslu og efla samstarf lögreglu og íbúanna, stofnana/samtaka og fyrirtækja og að lokum að almenningur kynntist betur starfsemi lögreglunnar og aukið verði á tengsl lögreglu og almennings.

Viðræður við Fjórðungssambandið eru á byrjunarstigi og einvörðungu eitt sveitarfélag hefur veitt sambandinu umboð til að hefja viðræður við lögreglustjóra.

- 2.2. Að stemma stigu við afbrotum í umdæminu og vinna að uppljóstran brota.

Til að ná því markmiði er lögð mikil áhersla á forvarnar- og fræðslustarf, bæði til starfsmanna og almennings og er, eins og þegar hefur komið fram, eitt stöðugildi einvörðungu tileinkað forvörnum og fræðslu. Stefnt er að skýrari verkefnagreiningu rannsóknardeildar og almennrar deildar.

- 2.3. Að hafa reglulegt eftirlit með þungaflytningum og veiðimönnum í umdæminu.

Til að ná því markmiði er markvisst unnið að betra eftirliti í samvinnu við Landhelgisgæslu og Vegagerð og hefur t.a.m. þegar verið unnið verkefni (verkefnamiðuð löggæsla) til að skoða þungaflytningana og verður því haldið áfram.

- 2.4. Að gera áætlun um að fækka hegningarlaga brotum, s.s. auðgunarbrotum og brotum gegn lífi og líkama.

Til að ná því markmiði hefur t.a.m. verið lögð áhersla á nýja málsmeðferð, sáttameðferð, en henni er ætlað að koma í veg fyrir endurtekin brot tiltekinn brotamanna sem eru að fremja fyrsta brot. Hefur það reynst vel og verður því haldið áfram.

- 2.5. Að efla forvarnar- og eftirlitsstarf með því að styrkja forvarnadeild embættisins. Til að ná því markmiði hefur einu stöðugildi verið varið í að sinna forvörnum og fræðslu. Stefnt er að því að bæta við stöðugildi við deildina á næstunni, fáist til þess tilskilið fjármagn. Þá hefur verið ráðist í að fá fíkniefnaleitarhund, sem mun tilheyra deildinni og efla starfsemi hennar.

- 2.6. Að samþætta fræðslu og forvarnir innan umdæmisins, sérstaklega skal huga að útivistartíma barna, umferðarforvörnum og vímuefnaforvörnum.

Forvarnar- og fræðslufulltrúi embættisins hefur þetta verkefni með höndum og er það útlitað í starfslýsingu hans. Hann hóf störf í byrjun árs 2007 og sinnir hann forvörnum um allt umdæmið. Sjá einnig lið 2.1. um vettvang samstarfsnefndar.

- 2.7. Að innleiða og beita verkferlum verkefnamiðaðrar löggæslu til að stemma stigu við vandamálum og afbrotum í umdæminu.

Embættið hefur þegar beitt fyrrgreindum verkferlum við rannsókn brota í þungaflutingum og gaf það góða raun. Þeir verkferlar verða notaðir áfram í þeim brotaflokkum og mun er fram líða stundir, beitt í öðrum málaflokkum.

2.8. Að samræma vinnubrögð innan rannsóknardeildar.

Nú er unnið að starfslýsingum lögreglumanna í rannsóknardeild og að því loknu verður farið yfir verkferla deildarinnar með það að markmiði að yfirfara þá, samræma og tryggja samskonar málsmeðferð. Taka verður fram að ekki hafa komið upp mál sem benda til að vinnubrögðin séu mismunandi eftir starfsmönnum.

2.9. Að tryggja vandaða og hraða meðferð sakamála.

Til að ná því markmiði er stefnt að skýrari verkefnagreiningu rannsóknardeildar og almennrar deildar en nú þegar er unnið eftir ákvæðum reglugerðar 1130/2006 um stjórn lögreglurannsókna, rannsóknardeildir og samvinnu lögreglustjóra við rannsókn opinberra mála.

2.10. Að efla frumkvæðisvinnu með markvissu eftirliti með solumönnum og neytendum fíkniefna og sporna gegn innflutningi efnanna í samvinnu við tollayfirvöld og Landhelgisgæsluna.

Lögreglumenn rannsóknardeildar hafa í fjölmörg ár kortlagt feril fíkniefnamála og með tilkomu fíkniefnaleitarhunds og forvarnar- og fræðslufulltrúa verður mun auðveldara að halda upp markvissu eftirliti, sjá einnig lið 2.5.

2.11. Að auka sýnilega löggæslu og eftirlit með markvissum og skipulegum aðgerðum m.a. til að auka öryggi og öryggistilfinningu almennings.

Til að ná því markmiði hefur nú þegar orðið breyting á áherslum í löggæslu, lögreglumenn umdæmisins skipuleggja og taka þátt í átaksverkefnum, vikulegum verkefnum og sérverkefnum með öðrum löggæsluaðilum, s.s. Landhelgisgæslunni og er markvisst stefnt að því að innvera lögreglumanna sé sem minnst.

3.1.3 Verkefni sem sett voru í forgang á árinu 2008:

- Aukin áhersla á almenn löggæslustörf, umferðareftirlit, eftirlit með borgurunum og ýmis aðstoð við borgarana.
- Aukin áhersla á forvarnir. Forvarnar- og fræðslufulltrúi fór um allt umdæmið og var bæði með umferðarfræðslu og fíkniefnafræðslu fyrir börn og unglunga.
- Aukin áhersla á fíkniefnaeftirlit. Teymi fíkniefnaleitarhunds og lögreglumanns tók til starfa. Þeir sinna aðallega eftirliti með komu farartækja og einstaklinga til Vestfjarða og hefur þeim nú þegar orðið vel ágengt í að stöðva flæði fíkniefna til fjórðungsins.
- Aukin áhersla á samvinnu við hagsmunaaðila vegna forvarna. Enn hefur ekki tekist að koma á samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga, en þeirri nefnd er ætlað að vera grundvöllur uppbyggingarstarfs forvarna og fræðslu fyrir íbúa sveitarfélaganna, auk þess að vera samstarfsvettvangur vegna málefna sem varða bæði lögreglu og sveitarstjórnir.
- Aukin áhersla á samvinnu við sveitarfélög. Nokkur erindi fóru frá lögreglustjóra til sveitarfélaganna og eru þau öll í vinnslu enn. Það verkefni sem lengst er komið er sameiginleg lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum og hefur meirihluti sveitarfélaganna samþykkt þau drög sem lögð voru fram á árinu 2008.
- Aukin áhersla á samvinnu lögreglu við almannavarnarnefndir innan umdæmisins. Vegna nýrra laga um almannavarnir sem tóku gildi á árinu 2008 (<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html>) varð formbreyting á skipan almannavarnarnefnda á landinu öllu. Eftir að lögin tóku gildi þann 1. júní 2008, sendi lögreglustjóri öllum sveitarfélögum bréf, þar sem nýmæli laganna voru kynnt og þær form- og efnisbreytingar sem átt höfðu sér stað í umhverfi almannavarna. Jafnframt var sveitarfélögum gerð grein fyrir því að breyta yrði skipan þriggja nefnda af fimm. Breyting á skipan nefndanna og allri umgerð almannavarna sem tók gildi í júní 2008 gerir það að verkum að vinna lögreglustjóra að sameiningu allra nefnda í eina öfluga almannavarnarnefnd sem hófst á árinu 2007 er lokið, enda engar forsendur lengur fyrir slíkri sameiningu.
- Vettvangsstjóranámskeið. Á haustmánuðum 2008 luku þeir lögreglumenn námi í vettvangsstjórnun sem áttu eftir að sitja slíkt námskeið. Í árslok 2008 voru því allir fastráðnir og menntaðir lögreglumenn við embættið búnir að ljúka námskeiði í vettvangsstjórnun.

- Heilsufarsstefna. Haldið var áfram með heilsufarsstefnu embættisins. Trúnaðarlæknir býður upp á árlega heilsufarsskoðun og fóru flestir lögreglumenn í slíka skoðun á árinu 2008. Þá verður trúnaðarlæknir með árlega fyrirlestra er snúa að heilsu eða efni tengdu henni.

3.2 Starfsmannahald og endurmenntun

Við embættið eru 21 stöðugildi lögreglumanna, auk þess sem gert er ráð fyrir 8-12 héraðslögreglumönnum. Yfirmannastöður skv. skipuriti eru 10, þar af er ein staða yfirlögregluþjóns og ein staða aðstoðaryfirlögregluþjóns. Við embættið er rannsóknardeild sem þjónar öllum Vestfjörðum og þar starfa tveir lögreglumenn (lögreglufulltrúi og rannsóknarlögreglumaður), þá er forvarnar- og fræðslufulltrúi starfandi við embættið (lögreglufulltrúi) og hefur hann sér til fulltingis fíkniefnaleitarhund. Í árslok 2008 var lögreglumanni falið að gegna starfi jafnréttisfulltrúa við embættið í samræmi við jafnréttisstefnu ríkislögreglustjóra og eru miklar væntingar bundnar við þá ráðstöfun á komandi árum.

Flestir lögreglumenn við embættið hafa starfað í nokkur ár hjá því eða nágrettaembættum. Starfsmannavelta er þó nokkur, um 14% og erfiðlega hefur gengið að manna allar stöður, þ.a.l. hefur embættið, í nokkurn tíma, ráðið óskólagengið fólk til að sinna lögreglustarfinu. Markmið embættisins er að öll stöðugildi séu mönnuð skólagengnum hæfum lögreglumönnum sem geta tekið á þeim fjölbreytilegu verkefnum sem embættið glímir við á mjög víðfeðmu svæði. Átaksverkefni sem hófst árinu 2007 er enn í gangi, en með því er ætlunin að laða að ungt fólk til starfa í afleysingar í lögreglu, en oft er það svo að eftir að einstaklingar hafa starfað í lögreglunni, sækja þeir um inngöngu í lögregluskólann og verða fullnuma og snúa þá til baka og starfa sem menntaðir lögreglumenn.

Lögreglumenn við embættið sóttu ýmis endurmenntunarnámskeið hjá Lögregluskóla ríkisins, m.a. um starfsmannasamtöl, kerfisstjórnarnámskeið og upprifjunarnámskeið um sáttamiðlun. Þá fóru tveir lögreglumenn í tímafrekt nám með starfinu með leyfi lögreglustjóra, annar sat grunnnámskeið fyrir þjálfara lögregluhunda sem lauk með útgáfu starfsleyfi til hundateymis embættisins og hinn lauk námskeiði fyrir leiðbeinendur í akstri lögreglubifreiða með forgangi. Þegar hefur verið getið um vettvangsstjórnarnámskeið sem fjórir lögreglumenn sóttu, en einnig var haldið eitt námskeið sem staðsett var á Vestfjörðum, þ.e. námskeið í notkun Tetrakerfisins.. Mikilvægt er að lögreglumenn hafi tækifæri til að mennta sig frekar innan lögreglu og að endurmenntun sé þeim aðgengileg. Er starfsemi Lögregluskóla ríkisins ómetanlegt í þeim efnum. Fræðslu- og starfsþróunarsjóður lögreglumanna hefur einnig gert embættum kleift að senda menn oftár á námskeið en var og er það vel og ljóst að sjóðurinn er að skila hlutverki sínu. Af öllum þeim námskeiðum sem sótt voru á hálfu lögreglunnar á Vestfjörðum, skiptist þátttakan svo að tveir lögreglumenn í rannsóknardeild fóru á sjö námskeið samtals, þrjú lögreglumenn í almennri deild fór á eitt námskeið hver og síðan sátu tíu lögreglumenn í almennri deild ásamt lögreglustjóra og yfirlögregluþjóni eitt námskeið sem haldið var á Ísafirði. lögreglustjóri, löglærður fulltrúi og yfirlögregluþjónn fóru á eitt námskeið hver þar fyrir utan. Aðstoðaryfirlögregluþjónn sótti tvö námskeið. Forvarnar- og fræðslufulltrúi sótti tvö námskeið vegna hundaþjálfunar. Af þessum tölum má sjá að mikið er lagt upp úr endurmenntun og framhaldsmenntun lögreglumanna og þegar embættið hefur tók á, eru lögreglumenn sendir til frekara náms. Viðbúið er að draga muni verulega úr námskeiðum á næstu árum og þá um leið þátttöku lögreglumanna á Vestfjörðum, þar sem fyrirséð er að mikill samdráttur verður í rekstri lögreglunnar á landsvísu.

3.3 Tækja og búnaðarmál

Búnaðarmál embættisins eru stöðugt í endurskoðun og reglulega er farið yfir þann búnað sem er til staðar, árlega er kannað hvað skortir eða hvaða nýjungar eru í boði en miklu skiptir að búnaður sé af bestu mögulegu gerð, þar sem öryggi lögreglumannsins veltur á því að búnaðurinn virki sem skyldi. Þegar fjárhagur embættisins leyfir, er gamall búnaður endurnýjaður og nýr búnaður keyptur.

Á s.l. ári voru keyptir hnífahanskar fyrir lögreglumenn. Stuttu eftir þau kaup, sannaði hanskin sig, þegar lögreglumaður lenti í útistöðum við einstakling sem beit næstum af honum fingur. Ef lögreglumaðurinn hefði ekki verið í þessum hanska hefði fingurinn farið af.

Lögreglan tók nýjan lögreglufatnað í notkun á árinu 2007. Fór mikið fjármagn embættisins í að endurnýja lögreglufatnað, sjá kafla 9.

3.4 Önnur mál

Í ársbyrjun 2007 var ákveðið, með tilliti til þess að auka sýnileika lögreglunnar og gera lögreglumönnum kleift að starfa utan varðstofu, að öll svokölluð „pappírsverkefni“ yrðu færð á starfsfólk sýsluskrifstofunnar á Ísafirði. Þessi ákvörðun fól í sér að eftirfarandi verkefnum er nú sinnt á sýsluskrifstofunni á Ísafirði: Skotvopnaskrá og öll leyfi varðandi sprengiefni, þungaflutninga og tækifærisskemmtanir. Eftir stendur að varðstjórar lögreglu senda út sektarboð, fulltrúi lögreglustjóra sinnir sektargerðum, yfirlögregluþjónn gefur út leyfi fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða og á Patreksfirði og Hólmavík eru gefin út leyfi úr skotvopnaskránni. Færsla launa er nú í höndum yfirlögregluþjóns.

4. ALMENN DEILD

Grundvöllur löggæslu á Íslandi eru þær almennu deildir sem starfræktar eru um land allt. Því er mikilvægt að deildirnar séu skipaðar hæfum og metnaðarfullum einstaklingum, sem eru tilbúnir til að þjóna borgaranum, aðstoða hann þegar það á við og rannsaka brot þegar þau eiga sér stað. Á þetta jafnt við um almenna deild lögreglunnar á Vestfjörðum sem og annars staðar á landinu.

Í almennri deild lögreglustjórans á Vestfjörðum starfa 17 lögreglumenn sem hafa starfsstöðvar á fjórum varðstofum. Verkefni almennu deildar eru margvísleg, allt frá aðstoð við borgarana til rannsóknar brota. Almenn deild ber þungann af eftirliti og frumkvæðisvinnu í fjórðungnum og hér að neðan má sjá í liðum 4.2 og 4.3 hvernig því hefur verið háttað á árinu.

Stefna lögreglustjóra er að fullmanna allar stöður menntuðum og hæfum lögreglumönnum, en það hefur þó ekki tekist enn sem komið er. Því hafa verið ráðnir hæfir og metnaðarfullir einstaklingar til afleysinga í deildinni og hafa þeir staðið sig með þryði, þrátt fyrir skort á lögreglumenntun. Það er von lögreglustjóra að það afleysingafólk sem nú er starfandi hjá embættinu, afli sér frekari menntunar á sviði löggæslu og geti þannig tekið fastar stöður innan liðsins þegar fram líða stundir.

4.1 Almannaþingarnir

Veðráttu á Vestfjörðum spilar stórt hlutverk á vetrum og eru verkefni á sviði almannaþinganna í forgangi. Tryggja þarf að lögregla sé reiðubúin til að takast á við atburði sem ekki gerast daglega og skiptir þá miklu að menn hafi tilhlýðilega menntun (vettvangsstjóranámskeið) og að haldnar séu skrifborðsæfingar og aðrar æfingar sem ekki eru fjárfrekar eða kalla á mikinn mannskap. Haldin var flugslysaæfing á Þingeyrarflugvelli í október 2008. Mikill tími fór í undirbúning æfingarinnar og tóku lögreglumenn frá starfsstöðvunum á Ísafirði og Patreksfirði, þátt í henni. Æfingin gekk vel og voru menn reynslunni ríkari eftir að henni lauk. Nauðsynlegt er að halda æfingar sem þessar reglubundið, en nú eru í umdæminu fjórir flugvellir og ein stór jarðgöng. Skv. áætlun Flugstoða á að hafa flugslysaæfingar á 4-5 ára fresti og er því fyrirliggjandi að æfingar eru að jafnaði haldnar árlega í umdæminu.

Vegna nýrra laga um almannaþingarnir sem tóku gildi á árinu 2008 (<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html>) varð formbreyting á skipan almannaþingarnefnda á landinu öllu. Eftir að lögin tóku gildi þann 1. júní 2008, sendi lögreglustjóri öllum sveitarfélögum bréf, þar sem nýmæli laganna voru kynnt og þær form- og efnisbreytingar sem átt höfðu sér stað í umhverfi almannaþinganna. Jafnframt var sveitarfélögum gerð grein fyrir því að breyta yrði skipan þriggja nefnda af fimm. Breyting á skipan nefndanna og allri umgerð almannaþinganna sem tók gildi í júní 2008 gerir það að verkum að vinna lögreglustjóra að sameiningu allra nefnda í eina öfluga almannaþingarnefnd sem hófst á árinu 2007 er lokið, enda engar forsendur lengur fyrir slíkri sameiningu. Aukin áhersla á samvinnu lögreglu við almannaþingarnefndir innan umdæmisins.

Lögreglustjóri fer með stjórn almannaþinganna á grundvelli 11. gr. laga nr. 82/2008 um almannaþingarnir, jafnframt því sem lögreglustjóri á sæti í aðgerðarstjórn á grundvelli 11. gr.

sömu laga. Gert er ráð fyrir því í lögnum að hlutverk samhæfingarstöðvar í Skógarhlíð verði mun stærra en verið hefur og getur jafnvel komið til þess að samhæfingarstöðin yfirtaki aðgerðir í héraði, telji ríkislögreglustjóri þörf á því.

Um aldamótin voru almannavarnarnefndir á Vestfjörðum 6, en á árinu 2006 samþykkti dómismálaráðherra sameiningu almannavarnarnefnda Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurbrepps og tók sú sameining gildi í byrjun árs 2007. Í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum eru í dag 5 almannavarnarnefndir að störfum. Vegna gildistöku laga nr. 82/2008 er ekki þörf á sameiningu nefnda í fjórðungnum og hefur lögreglustjóri því lokið því ferli sem hófst á árinu 2007 og varðaði sameiningu allra nefnda í eina nefnd.

4.2 Umferðarmál

Fjölgun kærðra brota milli ára er 85. Enginn sérstakur brotaflokkur sker sig úr, ef frá eru talin brotin „akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ en veruleg aukning varð á upplýstum brotum í þeim málaflokki. Rétt er að taka fram að fjölgun málanna á síðasta ári má rekja til þess að lögreglan beitti nýjum aðferðum við rannsókn málanna, þ.e. fékk tæki sem greinir á „staðnum“ hvort ökumaður er undir áhrifum fíkniefna. Tækin voru tekin í notkun í lok ársins 2007.

4.3 Eftirlit í umdæminu, sýnileg löggæsla og frumkvæði

Stærstur hluti af vinnu lögreglumanna á Vestfjörðum er frumkvæðisvinna. Eftirlit hefur verið aukið til muna í umdæminu og sýnileg löggæsla verið efl. Bókaðar eftirlitsferðir á árinu eru 2.948 á móti 2.366 árið á undan. Þá eru skráð verkefni 6.012 talsins. Þar fyrir utan eru skráð 1.402 brot í 1.130 málum sem lögreglan hefur haft til meðferðar.

4.4 Samstarf

Mikilvægt er að vera í góðu sambandi við kjörna fulltrúa íbúa sveitarfélaganna og íbúana sjálfa og var á árinu 2007 hafin vinna til að efla þau tengsl og hefur góður árangur náðst. Slíkri tengslamyndum er þó aldrei lokið og má t.a.m. nefna að við fall íslenska bankakerfisins í október 2008 tók lögreglustjóri sæti í aðgerðahóp sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar, sem stofnaður var til að aðstoða einstaka íbúa við að takast á við þau vandmál sem upp kunna að koma. Góð samvinna er með lögreglustjórum og funduðu lögreglustjórar mánaðarlega yfir vetrarmánuðina, og lögreglustjórar og ríkislögreglustjóri funduðu á þeim sama tíma. Lögreglustjórar og fulltrúar dómismálaráðuneytisins funduðu nokkrum sinnum yfir árið.

Góð samvinna er með lögreglunni á Vestfjörðum og embætti ríkislögreglustjóra og samstarf við önnur lögregluembætti er einnig með ágætum, þó það sé ekki í formi daglegra samskipta, þau embætti sem næst okkur eru hafa undirritað samstarfssamning um gagnkvæma aðstoð, en þessi embætti eru lögreglan í Borgarnesi og á Blönduósi,

Ekki hefur reynt á þann samstarfssamning. Síðast en ekki síst ber að geta þess að mjög gott samstarf er með embættinu og starfsmönnum dómismálaráðuneytisins.

4.5 Fangageymslur

Handtökur og vistanir hafa tekið stórfelldum breytingum. Handtökur voru 100% fleiri á árinu 2008 en árið á undan. Fjöldi einstaklinga var 65% fleiri. Vistunum í klefa fjölgaði einnig verulega á milli ára, fór úr 31 vistun í 74 eða um 148%. Einstaklingum í vistun hefur einnig fjölgað um rúm 100%. Skýra má þessa aukningu að hluta til þess að fjöldi upplýstra brota vegna „aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ jókst, eins og þegar hefur komið fram og þá er efling löggæslunnar að skila betri árangri.

Tafla 1. Fjöldi handtaka og vistana árin 2005-2008

	2005	2006	2007	2008
Handtökur				
Fjöldi handtaka	92	82	67	135
Fjöldi einstaklinga	86	70	60	99
Vistanir				
Fjöldi vistana	55	47	31	74
Fjöldi einstaklinga	50	37	28	59

4.6 Önnur verkefni lögreglu

Þrátt fyrir að ýmis „pappírsverkefni hafi verið flutt af lögreglu til starfsmanna sýsluskrifstofu, er þó enn nokkur verkefni sem lögreglan sinnir, þó þau teljist seint falla undir hefðbundin lögreglustörf. Hér er um að ræða birtingar á ýmsum ákvörðunum, s.s. fyrirköllum frá héraðsdómstólum, ákærum frá lögreglustjórum eða saksóknurum og árituðum sektarboðum, útgáfa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, svo eitthvað sé nefnt.

Tafla 2. Fjöldi fyrirkalla og annarra verkefna árin 2005-2008

	2005	2006	2007	2008
Birtingar (ákæru, fyrirköll, dómur, afplánunarbref ofl.)	108	113	198	248
Útsend sektarboð	260	329	603	634
Dómsárituð sektarboð	26	24	7	41
Samtals				

5. RANNSÓKNARDEILD OG RANNSÓKN BROTA

Í rannsóknardeild lögreglunnar á Vestfjörðum starfa lögreglufulltrúi og rannsóknarlögreglumaður sem sinna þeim verkefnum sem þeim er falin skv. reglugerð nr. 192/2008, auk annarra tilfallandi verkefna skv. ákvörðun lögreglustjóra. Rannsóknardeildin er starfandi á Ísafirði og vegna þessa hefur reynt nokkuð á samstarf og samvinnu deildarinnar við lögreglumenn á starfsstöðvunum á Patreksfirði og á Hólmavík. Það samstarf hefur gengið vel.

Hér á eftir verður gerð í stuttu máli grein fyrir nokkrum brotaflokkum er komu til meðferðar hjá lögreglunni á Vestfjörðum á árinu 2008 og rannsóknardeildinni.

Hegningarlagabrot voru 228 talsins og komu rúmlega 57% þeirra til meðferðar hjá rannsóknardeild. Af 121 sérrefsilagabroti (utan umferðarlagabrota) sem komu til meðferðar lögreglunnar á Vestfjörðum fóru 47% þeirra til meðferðar rannsóknardeildar.

5.1 Auðgunarbrot

Auðgunarbrotum fjölgaði milli ára, voru 27 árið 2007 en 61 árið 2008. Engar sérstakar skýringar eru á þessari aukningu utan þess að nokkur ungmenni áttu stóran hlut í fjölda málanna.

5.2 Fíkniefnabrot

Lögreglan á Vestfjörðum náði sínum besta árangri í baráttunni gegn fíkniefnum á árinu 2008. Haldlagt var meira magn fíkniefna en nokkrum sinni áður, eða rúmlega 800 grömm af fíkniefnum og 44 E-töflur. Í þeim tölum eru ekki talin með haldlögð lyf og fleiri efni sem heyra undir lyfjalög.

Til samanburðar má geta þess að lögreglan á Vestfjörðum hefur haldlagt um 220 grömm af ólöglegum fíkniefnum að meðaltali s.l. 6 ár. Fíkniefnabrot voru 35 á árinu og haldlagningar 38.

Eins og undanfarin ár var eftirlit með flutningi fíkniefna til Vestfjarða aukið fyrir jól, áramót, páska, verslunarmannahelgi og aðra skipulagða viðburði, s.s. í tengslum við tónlistarhátíðina "Aldrei fór ég suður" á Ísafirði og sjómanna dagshátíð á Patreksfirði.

Við fíkniefnaeftirlit í umdæminu og rannsóknir einstakra fíkniefnamála var haft samstarf við önnur embætti, þar með talið embætti ríkislögreglustjóra. Um mitt ár kom fíkniefnaleitarhundurinn Dollar til starfa, sjá kafla 8.5.

5.3 Ofbeldisbrot

Ofbeldisbrot, önnur en kynferðisbrot, voru 29 talsins árið 2008. Flest ofbeldisbrotanna komu til meðferðar rannsóknardeildar.

5.4 Fjármunabrot

Sjá kaflann um auðgunarbrot, 5.1

5.5 Sérrefsilagabrot, slysa –og brunarannsóknir

Ýmis sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir komu til meðferðar rannsóknardeildar, en slík mál kalla á umfangsmiklar rannsóknir sem geta verið mjög tímafrekar.

Tvö slys urðu á árinu, í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum, þar sem mannskaði varð. Í öðru tilvikinu var um að ræða umferðarslys en í hinu vinnuslys.

5.6 Sáttamiðlun

Þremur málum lauk með sáttamiðlun. Mun fleiri málum var beint í farveg sáttamiðlunar en vilji málsaðila stóð ekki til að ljúka málum með þeim hætti og því fóru þau mál í ákæruméðferð. Stefna lögreglustjóra og lögreglumanna í rannsóknardeild er að beina sem flestum málum í farveg sáttamiðlunar þegar skilyrði til þess eru fyrir hendi, en eins og þegar er komið fram þurfa báðir málsaðilar að samþykka slíkan feril og því eru málin færri en vonir stóðu til.

5.7 Aðrar rannsóknir

Eins og fram kemur í töflu 7.5 hér að neðan voru kynferðisbrot 10 talsins árið 2007. Tvö brotanna vörðuðu vörslu á ólöglegu myndefni og tengdust börnum.

Svo virðist sem aukning sé á kærur frá einstaklingum sem urðu fyrir kynferðisbrotum á unga aldri, en opnað var fyrir þessar kærur með lagabreytingu sem átti sér stað í mars 2007. Yfirleitt eru rannsóknir á kynferðisbrotum tímafrekar og á það sérstaklega við mál þegar langur tími er liðinn frá því að brot átti sér stað og þar til kæra er lögð fram.

Alls komu 4 mál til meðferðar rannsóknardeildar lögreglunnar á Vestfjörðum er varða ofbeldi gagnvart lögreglumönnum / brot gegn valdsstjórninni.

6. SAKSÓKN MÁLA

Sýslumaðurinn á Ísafirði fer með ákærvald lögreglustjórans á Vestfjörðum samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 í þeim málum sem honum eru falin samkvæmt 1. mgr. 28. gr. sömu laga.

6.1 Ákætur, málshraði og meðferð sakamála

Ákætur eru gefnar út í nafni lögreglustjórans á Vestfjörðum í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 66/2006 um stjórnarsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra og annast lögreglustjóri og löglærður fulltrúi hans flutning mála fyrir héraðsdómi.

Við meðferð sakamála fer lögreglustjóri eftir gildandi fyrirmælum ríkissaksóknara.

Málsmeðferðarhraði er almennt góður en ekki hefur tekist í öllum tilvikum að halda málsmeðferðartíma innan ramma fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 5/2001. Ýmsar skýringar má finna á því svo sem þann tíma sem tekur að fá útgefið vottorð frá lækni og þann tíma sem brotþola tekur að leggja fram skaðabótakröfu í máli. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum hefur það að markmiði að auka skilvirkni í rannsóknum líkamsárásarmála. Gefnar voru út 44 ákætur á síðasta ári sem greinast eftirfarandi:

Brot gegn lífi og líkama:	5 ákætur
Brot gegn umferðarlögum:	30 ákætur
Brot gegn lögum um atv.réttindi:	1 ákæra
Brot gegn lögum um fíkniefni:	1
Brot á siglingalögum:	4
Brot gegn alm. hegn. þjófnaður:	2
Ýmis önnur brot:	1

Tafla 3. Fjöldi ákæra árin 2005-2008

	2005	2006	2007	2008
Fjöldi brota í ákæru *	71	76	96	119
Fjöldi mála í ákæru**	64	67	67	70
Fjöldi ákæra***	44	35	56	44

*Ein ákæra getur falið í sér mörg mismunandi brot. Ekki á að telja slíka ákæru sem eina ákæru heldur á að telja brotin í ákærunni. Ein ákæra með fimm brotum er því talin sem fimm brot ákærð. Setja á fjölda ákærðra brota í töfluna hér að ofan.

**Ein ákæra getur falið í sér mörg mál. Ekki á að telja slíka ákæru sem eina ákæru heldur á að telja málin í ákærunni. Ein ákæra með fimm málum er því talin sem fimm mál ákærð. Setja á fjölda ákærðra mála í töfluna hér að ofan.

***Fjöldi útgefna ákæra án tillits til fjölda brota eða mála.

6.2 Sektargerðir¹

Fækkun varð í útsendum sektargerðum á árinu og má það rekja til starfsmannaskipta. Líkur eru á að tölfræði ársins 2009 muni endurspeglja það.

Tafla 4. Fjöldi útsendra og samþykktar sektargerða árin 2005-2008²

	2005	2006	2007	2008
Útsendar sektargerðir	32	47	44	22
Samþykktar sektargerðir	19	35	29	17

¹ Tölfræði árána 2005 og 2006 er samantekt frá þáverandi lögregluumdæmum, Bolungarvík, Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði.

² Tölfræðin byggir á úttekt sem miðuð er við fyrsta dag næsta árs, þ.a. þær sektargerðir sem voru samþykktar eftir það tímamark, felast ekki í tölfræðinni.

7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2005-2008

7.1 Umferðarlagabrot

Á árinu var eftirlit með öikumönnum aukið, sérstaklega hvað varðar meintan akstur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja (45 gr. a umferðarlaga nr. 50/1987). Sérstakt átak hófst í desembermánuði og í framhaldi þess voru þrjú öikumenn stöðvaðir, grunaðir um akstur undir áhrifum fíkniefna eða lyfja. Þess má einnig geta að á fyrsta fjórðungi ársins 2008 voru alls 9 öikumenn kærðir fyrir brot gegn fyrrgreindu ákvæði 45 gr. a. umferðarlaga.

Tafla 5 Fjöldi umferðarlagabrota árin 2004-2008

	2004	2005	2006	2007	2008	% breyting frá 2007
Umferðarlagabrot alls	723	431	390	788	842	7,23
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	-	-	-	5	36	720
Bílbelti ekki notað af öikumanni	45	27	21	44	27	-38,6
Of hraður akstur. Hraðamæling	173	184	194	441	479	8,6
Ölvun við akstur	25	24	23	34	31	8,8
Önnur umferðarlagabrot	480	196	152	269	305	14,5

7.2 Fjöldi umferðarslysa

Eins og fram hefur komið, undir liðnum 5.5 og í töflunni hér að neðan urðu 2 banaslys í umferðinni í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum. Þar sem umferðarslys eru að jafnaði fá, getur tölfræðin gefið óeðlilega mynd ef örlítil aukning verður.

Tafla 6 Fjöldi umferðarslysa árin 2003-2007³

	2003	2004	2005	2006	2007	% breyting frá 2006
Samtals	12	9	6	15	38	153
Banaslys	0	0	0	1	2	100
Slys með alvarlegum meiðslum	6	0	2	2	8	300
Slys með minniháttar meiðslum	6	9	4	12	27	125

7.3 Fíkniefnabrot


Sjá kafla 5.2

³ Alvarleg umferðarslys hafa ekki verið tíð undanfarin ár og því þarf ekki nema eitt slys til að tölfræðin sýni 100% hækkun. Ber að hafa það í huga við lestur taflna 7.2.1. og 7.3.1.

Tafla 7 Fjöldi fíkniefnabrota árin 2004-2008

	2004	2005	2006	2007	2008	
Fíkniefnabrot alls	30	32	29	22	35	
Varsla, neysla	17	19	20	16	15	
Sala, dreifing	6	10	6	2	6	
Innflutningur	0	0	0	2	0	
Framleiðsla	2	1	2	0	0	
Ýmis fíkniefnabrot	5	2	1	2	14	

Tafla 7.1 Skipting fíkniefnabrota árið 2008



7.4 Haldlögð fíkniefni


Sjá kafla 5.2

Tafla 8 Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á í umdæminu 2006-2008

		2006			2007			2008		
Tegund	Nánar	Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	17	317,73	9	15	21,13		22	764,19	2
Ofskynjun		1	3,69					1		1
Örvandi	E-pillur				1		7	1		44

Örvandi	Kókaín						1	0,43	
Örvandi	Amfetamín	4	29,21		2	0,03	31	6	33,47
Ripp fuel/ Efedrín töflur									
Óþekkt	Óskilgreint	4	27,68	37			7	13,88	364
Samtals		26	378,31	46	18	21,16	38	38	811,97

Tafla 8.1 Haldlögð fíkniefni árið 2008



7.5 Önnur brot


Ýmis önnur brot voru til meðferðar lögreglu á árinu og má sjá skiptingu þeirra helstu í töflu 9

Tafla 9 Fjöldi einstakra brota árin 2004-2008

	2004	2005	2006	2007	2008	% breyting frá 2006
Kynferðisbrot alls	9	11	4	10	6	
Þar af:						
Nauðgun (194)	2	3	1	1	2	
Misneyting (196, 197, 198.1)	2	4	0	2		
Sifjaspell (200.1, 200.2, 200.3)	1	0	0	1		
Kynferðisbrot gagnvart börnum (201.1, 201.2, 202.1, 202.2, 202.3)	0	3	1	0	3	
Prentun, útbreiðsla eða varsla kláms (210.1, 210.2, 210.3, 210.4)	1	0	1	4		

Ofbeldisbrot alls	26	49	23	19	29	
Par af:						
Manndráp (211)	0	0	0	0	0	
Manndráp, tilraun (211, sbr. 20 gr.)	0	0	0	1	0	
Líkamsárás (217)	24	29	20	14	22	
Líkamsárás, líkamsm. minni (218.1)	2	14	2	1	3	
Líkamsárás, líkamsm. meiri (218.2)	0	4	1	2	4	
Auðgunarbrot alls	60	59	22	27	61	
Par af:						
Þjófnaður Innbrot	5	14	4	8	21	
Þjófnaður annað (244)	25	33	13	19	32	
Rán (252)	0	0	0	0	0	
Eignaspjöll (257.1, 257.2)	44	36	39	52	43	

Tafla 9.1 Yfirlit yfir helstu brot í umdæminu 2008



8. SÉRSTÖK VERKEFNI - FORVARNIR OG FRÆÐSLA

Í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum eru 14 grunnskólar staðsettir víðsvegar í þéttbýliskjörnum, auk framhaldsdeildar sem staðsett er á Patreksfirði. Jafnframt eru starfræktir 15 leikskólar í sömu þéttbýliskjörnum og þá er menntaskóli á Ísafirði.

Á árinu var lagt upp með að samræma kennsluefni í forvörnum og koma því í alla leik- og grunnskóla á svæðinu. Þá átti að koma umferðarfræðslu til leikskólabarna og eftirfarandi fræðslu til viðeigandi árganga grunnskólanema: umferðarfræðslu til nemenda 1-3 bekkjar og að hluta til 7. bekkjar, val áfanga í umferðarfræði í 10.bekk. Á árinu var farið í 4-5 bekk og þeim kynnt efni er varða verkefni lögreglu og tilgang laga í samfélaginu. Nemendum 7. bekkjar var kynnt málefni er varða sakhæfi og sakavottorð, þá var í boði forvarnarfræðsla um fíkniefni fyrir 8. til 10. bekk og brugðist var við beiðnum um forvarnarfræðslu eða kynningu fyrir starfsfólk stofnana og fyrirtækja.

Í upphafi ársins var ákveðið að embættið tæki við fíkniefnaleitarhundi sem embætti Ríkislögreglustjóra lagði til. Auglýst var eftir lögreglumanni innan liðsins til að taka að sér þjálfun og umhirðu þessa hunds. Ákveðið var að forvarnarfulltrúi tæki þetta starf að sér vegna reynslu hans á þessu sviði og voru þá bundnar vonir við að hægt væri að ráða annan lögreglumann til að koma að hluta inn í forvarnarþáttinn. Úr þessu varð ekki og var ákveðið að forvarnarfulltrúi myndi samþætta vinnu með leitarhundinn og forvarnarfræðsluna.

8.1 Umferðarfræðsla

Sem fyrr er verkefnið með Lúlla löggubangsa notað sem umferðarfræðsla fyrir öll börn í leikskóla. Síðastliðið vor var haldið tveggja daga námskeið með námsefninu “ Ungir vegfarendur” fyrir elstu börnin í leikskóla. Lögð var áhersla á umferðarfræðslu fyrir börn í 1-3 bekk grunnskólans . Þá er einnig umferðarfræðslu komið að í fyrirlestri fyrir 7. bekk og í valáfanga 10. bekkjar grunnskólans á Ísafirði.

8.2 Fíkniefnaforvarnir

Mörg undanfarin ár hefur Vávest hópurinn á norðanverðum Vestfjörðum fengið fyrirlestur Marita fræðslunnar fyrir 7-10 bekkur varðandi fíkniefnaforvarnir og tók forvarnarfulltrúi þátt í þeirri fræðslu sem samanstendur af fræðslufundum fyrir nemendur á daginn og foreldrafundum á kvöldin. Þrátt fyrir áhuga ýmissa aðila á að fá þennan fyrirlestur fyrir grunnskólanema í Barðastrandasýslum og Strandasýslu gekk það ekki eftir. Þess í stað kynnti forvarnarfulltrúi fíkniefnaforvarnir fyrir nemendum á þessum svæðum. Á árinu var haldinn fyrirlestur um fíkniefnamál fyrir kennara Menntaskólans á Ísafirði.

8.3 Forvarnarfræðsla fyrir ökunema

Eins og undanfarin ár hefur lögreglan verið með forvarnarfyrirlestur í Öskuskólanum, námskeið Ö-2, sem haldið er á Ísafirði. Samstarf þetta er að mestu að frumkvæði ökukennara á svæðinu og kjörinn vettvangur fyrir lögreglu að koma sjónarmiðum um umferðaröryggi og umferðarfræðslu til varðandi ökumanna.

8.4 Aðrar forvarnir

Í möppu Ríkislögreglustjóra um forvarnir eru sett upp þema fyrir mismunandi árganga grunnskólubarna og er reynt að fylgja þeirri uppsetningu. Í 4-6 bekk er farið yfir varnir gegn þjófnum og einnig flutt erindi um verkefni lögreglunnar og tilgang laga í samfélaginu. Nemendum 7. bekkjar fengu fræðslu um sakavottorð og vinnslu sakamála þar sem unglingar koma við sögu. Lögreglan kemur að vinnslu jólagetraunar fyrir 1-5 bekk í desember. Þessu til viðbótar hélt forvarnarfulltrúi fræðslufund með starfsfólki veitingahúss, Edinborgarhús á Ísafirði, varðandi áfengislög og reglur sem gilda um slíkan rekstur.

8.5 Fíkniefnaleitarhundur

Eins og áður kom fram tók embættið við fíkniefnaleitarhundi í apríl og frá þeim tíma hefur forvarnarfulltrúi séð um þjálfun og umhirðu hans undir leiðsögn aðalhundaþjálfara RLS. Hundateymið útskrifaðist af grunnnámskeiði Lögregluskólans í maí og fékk síðan starfsleyfi að loknu sérstöku námskeiði og úttekt 1. desember 2008. Á árinu 2008 vann teimið að 70 verkefnum, 48 þeirra voru við almennt fíkniefnaeftirlit, 20 voru leitir vegna rannsókna einstakra mála og í tvö skipti var hundurinn notaður í forvarnarverkefni.

9. REKSTUR

Á árinu fór að gæta samdráttar í rekstri þegar fyrir lá að íslenska hagkerfið hafði hlotið mikla byltu og að ríkisrekstur færi ekki varhlutann af því. Fyllsta aðhalds var gætt og tóku starfsmenn dyggilegan þátt í því og eiga þeir þakkir skyldar fyrir skilning og velvilja til að standa aukavaktir, bæði vegna skorts á mannafla og sökum langtíma veikinda og því að minna varð um endurmenntunarnámskeið þeirra heldur en undanfarin ár. Lítið var um fataúthlutanir á árinu 2007 og vegna vanefnda birgja færðust flestar úthlutanir til ársins 2008. Því er kostnaður vegna kaupa á fatnaði lögreglumanna óvenju hár þetta árið.

Tafla 10. Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum (þús.kr. á verðlagi hvers árs) 2006-2008

		2006	2007	2008	Breyting %
Tekjur					
	Sértekjur	-919.990	-995.927	-2.623.472	
	Áfengisgjald	0	0	0	
Gjöld					
Laun					
	Dagvinna	38.138.040	70.382.574	70.249.751	
	Vaktaálag	13.300.917	30.034.081	30.397.804	
	Aukagreiðslur	0	-323.016	8.480.281	
	Yfirvinna	17.038.011	32.803.749	32.260.042	
	Launatengd gjöld	14.344.094	27.415.666	28.442.096	
		82.821.062	160.313.054	169.665.393	
Annar rekstrarkostnaður					
	Ferðir og fundir	1.697.960	1.174.578	2.024.091	
	Rekstrarvörur	2.900.631	5.283.259	8.497.381	
	Aðkeypt þjónusta	3.161.960	7.189.250	8.196.310	
	Húsnæði	5.272.734	11.140.235	11.299.448	
	Bílfreiðar og vélar	6.464.245	18.499.777	22.561.285	
	Afskrift krafna o.fl.	0	0	0	
	Eignakaup	423.316	2.481.031	1.360.408	
	Rekstrarkostnaður	102.758.758	206.081.184	223.768.897	
	Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(101.838.768)	205.085.257	221.082.193	
	Ríkisframlag	99.640.000	208.770.931	221.620.000	
	Gjöld umfram tekjur	(2.198.768)	3.685.674	(537.807)	
	EIGIÐ FÉ				